

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Hagsmunasamtök heimilanna
Álfheimum 21
104 REYKJAVÍK

18. desember 2009

Tilvísun: 2009050102

Efni: Fyrirspurn varðandi lögmæti gengistryggðra lána


Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 18. maí 2009, ritað fyrir hönd Hagsmunasamtaka heimilanna, tölvupósta Þórðar B. Sigurðssonar fyrir hönd Hagsmunasamtaka heimilanna þann 11. júní og 10. ágúst sl., þar sem erindið er ítrekað, auk samtala við Marinó G. Njálsson þann 4. júní og 10. desember sl. við undirritaðan starfsmann eftirlitsins.

Í brefi Hagsmunasamtaka heimilanna er óskað eftir rökstuddri afstöðu Fjármálaeftirlitsins til lögmætis gengistryggðra skuldabréfa, svo sem til íbúðakaupa og vísað til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu í því sambandi.

Beiðni Hagsmunasamtaka heimilanna felur í sér að Fjármálaeftirlitið veiti lagalega álitsgerð um lögmæti gengistryggðra skuldabréfa. Fjármálaeftirlitið bendir á í því sambandi að hlutverk þess er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og að öðru leyti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Það samræmist ekki hlutverki Fjármálaeftirlitsins að veita lagalega álitsgerð til Hagsmunasamtaka heimilanna. Þá er Fjármálaeftirlitinu ekki falið úrskurðarvald í einstökum ágreiningsmálum eða sker úr um réttindi og skyldur aðila að einkarétti eða ágreiningi um sönnun málsatvika.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Gunnar P. Andersen



Hildur Jóna Júlíusdóttir